



Gæðagreinar
2015-2016

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:

Eygló Illugadóttir, skólastjóri

2015-2016

Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2015-2016	2
Mat á gæðagreiðni 2.1 – Námsreynsla nemenda.....	3
Þróunaráætlun gg 2.1 – Námsreynsla nemenda	4
Mat á gæðagreiðni 2.2 – Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur í þátttöku í skólastarfi	4
Þróunaráætlun gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi	6
Mat á gæðagreiðni 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið	7
Þróunaráætlun gg 4.1 – Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið	8
Mat á gæðagreiðni 4.2 – Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild.....	8
Þróunaráætlun gg 4.2 – Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild	10
Mat á árshátíðargæðagreiðni	10
Árlegar kannanir	12
Árleg foreldrakönnun	12
Foreldrakönnun	12
Samantekt	12
Mjög gott	12
Ásættanlegt	13
Óásættanleg	14
Árleg nemendakönnun	25
Samantekt	25
Mjög gott	25
Ásættanlegt	27
Aðrar niðurstöður	28
Árleg starfsmannakönnun	34
Samantekt og helstu niðurstöður.....	34
Viðaukar	34
Viðauki I, árleg skimun starfsfólks, heildarniðurstöður	35
Viðauki II Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2. – viðmið um gæði	37

Sjálfsmat veturinn 2015-2016

Í þessari skýrslu eru einvörðungu birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður viðhorfskannananna, nánari upplýsingar um aðferð og framkvæmd, viðmið og umbótaáætlun er að finna í fyrstu áfangaskýrslu matsins, hún er á heimasíðu skólans á slóðinni: http://www.hornafjordur.is/media/haust-2011/afangaskýrsla_1.pdf Upplýsingar varðandi Grunnskóla Hornafjarðar, markmið og tilgang matsins er að finna í grunnkafla sjálfsmatsáætlunar skólans á slóðinni: http://www.hornafjordur.is/media/vor-2011/sjalfsmatsaaetlun_2010---2013.pdf. Nýjasta sjálfsmatsáætlun grunnskólans er á slóðinni: http://www.hornafjordur.is/media/vor-2015/sjalfsmatsaaetlun_2013---2017.pdf

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í september. Í því áttu sæti þrír fulltrúar kennara og einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins var að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans svo og að hafa umsjón með eftirfylgni umbótaáætlana.

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2013-2017 á heimasíðu skólans http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/sjalfsmatsaaetlun_2013---2017.pdf er fjallað um sjálfsmat, sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats Grunnskólans.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á sjálfsmatsaðferðum *Gæðagreina 2* sem fram hefur farið veturinn 2015 – 2016. Haldnir voru vinnufundir í október, janúar og í febrúar þar sem gæðagreinar voru lagðir fram og unnu starfsmenn skólans að matinu í matshópum og fór skiptingin í hópana eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni.

Nemendur, foreldrar og starfsmenn tóku þátt í viðhorfakönnunum í vetur er byggja á gæðagreinunum og eru kölluð „sönnunargögn“ sem hægt er að skoða frekar þegar unnið er með gæðagreinana.

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk komu að sjálfsmati vetrarins en þeir svöruðu árlegri nemendakönnun. Ekki hefur verið farið í að stíga það skref að fá nemendur í að taka þátt í mati á gæðagreinum en vonandi verður skrefið stigið á næsta ári. Niðurstöðurnar eru kynntar í sjálfsmatsskýrslu í sér kafla.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun. Að þessu sinni komu þeir ekki að mati með sjálfsmatsaðferðum *Gæðagreina*. Stefnt er að því að koma þeim vinnubrögðum að á næsta skólaári og festa í sessi.

Starfsmenn mátu skólastarfið skv. þriggja ára matsáætlun.

Matsþættir skólaársins 2015-2016 voru eftirfarandi:

- **Lykilþáttur 2** **Áhrif á nemendur**
 - gg. 2.1 Námsreynsla nemenda
 - gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi.

- **Lykilpáttur 4 Áhrif á samfélagið**
 - gg. 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið
 - gg. 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild
- **Lykilpáttur 10 Árshátíð**

Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

gg. 2.1 Námsreynsla nemenda Matseinkunn: 4,4,5	gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi Matseinkunn: 4,4,5
gg 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið Matseinkunn: 5,5,5	gg 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild Matseinkunn: 5,5,4
Árshátíðargreinir Matseinkunn: 5, 4, 5, 5, 5, 5	

Mat á gæðagreinini 2.1 – Námsreynsla nemenda

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af þremur matshópum, með ca. 11 starfsmönnum á vinnufundi 15. október 2015

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Matssamantekt: 4,4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Endurgjöf til nemenda er á uppleið

Það sem þarf að bæta:

- Bæta einstaklingsmiðun
- Auka nemendalýðræði
- Getum sýnt nemendum meiri jákvæðni og virðingu
- Viljum auka og efla ábyrgð og sjálfsöryggi og auka þátttöku í samfélaginu
- Við förum ekki eftir skólareglum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að börn læri að taka ábyrgð á námi sínu og sjálfum sér og verði virkir, ábyrgir og áhugasamir nemendur

Próunaráætlun gg 2.1 – Námsreynsla nemenda

Hvernig vitum við að því er náð?

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Meiri hvatning, námsefni við hæfi.	Allir starfsmenn	Aldrei	Vilja og framtak	Gæðagreinir
Bæta endurgjöfina og hafa markmiðin einföld og sýnileg	Kennarar og teymi	Aldrei	Markvissari endurgjöf og skýr og ljós markmið	Með allskonar mati
Auka nemendalýðræði, og sjálfstæði, ábyrgð og áhuga nemenda.	Allir starfsmenn	Aldrei	Samvinnu skóla og heimila, einstaklingsmiðun	
Hvetjum nemendur til að segja sína skoðun og ekki bara þegar þeir eru óánægðir heldur líka hvað þeir eru ánægðir með.	Foreldrar og starfsfólk skólans	Lýkur aldrei	Samvinnu skóla og heimila.	Huglægt mat.
Vera dugleg að hvetja nemendur áfram í námi og efla eigin metnað.	Foreldrar og starfsfólk skólans	Lýkur aldrei	Samvinnu skóla og heimila.	Huglægt mat.
Hafa náms og kennsluaðferðir við allra hæfi, erum komin vel á veg og halda áfram á þeirri braut	Kennarar	Lýkur aldrei	Vilja, dugnað og þor.	Huglægt mat.

Mat á gæðagrein 2.2 – Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur í þátttöku í skólastarfi

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur matshópum, með ca. 11 starfsmönnum á vinnufundi 15. október 2015

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Matssamantekt: 4,4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Við virðum það að foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í uppeldi barna sinna.
- Góð mæting þegar nemendur sjálfir sýna verkefni sín. Þeir sem mæta eru áhugasamir og virkir.
- Langflestir foreldrar gera eins og þeim er unnt að styðja börn sín til menntunar.
- Við stöndum okkur vel í að skila af okkur skýrum upplýsingum um námsframvindu.
- Undanfarið hefur verið unnið að Menntastefnu fyrir öll skólastig á Hornafirði. Þar hafa foreldrar fengið mörg tækifæri til að taka þátt.
- Flestir eru ánægðir með þau verkfæri og tækifæri sem í boði eru. Dæmi: Lestarmiðarnir, heimanám á Mentor.
- Við erum ófheimin við að miðla upplýsingum til foreldra og gefa þeim tækifæri til þátttöku og samstarfs.
- Foreldrar og forráðamenn eru ánægðir með gæði menntunar sem við bjóðum upp á.
- Foreldrar og forráðamenn eru öruggir í samstarfi við okkur

Það sem þarf að bæta:

- Við náum ekki til þeirra foreldra sem ná ekki að sinna þessu mikilvæga hlutverki, náum ekki að virkja áhuga þeirra. Fyrir því geta verið mjög margar og mismunandi ástæður.
- Það er oft þannig að foreldrar mæta þegar þeirra barn er sýnilegt eða er að sýna verk sitt en mæta ekki þegar þeirra börn eiga ekki í hlut.
- Okkur er tamt að hlusta hátt á gagnrýni en tökum ekki eins vel eftir hrósi.
- Okkur gengur ekki alltaf eins vel að bregðast skjótt við og ekki alltaf á markvissan hátt um námsframvindu barnanna.
- Höfum ekki verið nógu dugleg að fá skoðanir frá foreldrum um menntun.
- Við sem skóli höfum ekki sinnt þessum þætti vel. Í vinnunni við Menntastefnuna hafa foreldrar verið misjafnlega virkir (eftir því sem við komumst næst).
- Foreldrar taka virkan þátt í fundum og viðburðum á vegum skólans

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að eiga góð samskipti við foreldra en ekki einhliða.

Þróunaráætlun gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

• Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Virkja betur foreldra barna af erlendum uppruna. Tryggja að öll skilaboð skili sér til foreldranna	Kennarar og stjórnendur.	Sífelld í vinnslu.	Gera betur í að aðstoða foreldra sem standa höllum fæti (foreldrar sem eru brenndir af eigin skólasókn og finnst þeir standa höllum fæti í foreldrahópnum).	Meiri virkni erlendu foreldranna okkar. Með könnunum.
Fylgja eftir verklagi sem ákveðið var að fara eftir við boðun á fundi og aðra viðburði.	Kennarar og stjórnendur	Aldrei	Meiri eftirfylgni	Mæting fundi og viðburði
Samræmdar aðgerðir í eftirfylgni, t.d. þegar kemur að lestri.	Allir	Sífelld í vinnslu.	Samvinna kennara og skólastjórna.	Að allir séu að sinna heimalestri og sýni framfarir.
Halda áfram á þeirri braut sem við erum á með LTÁ	Allir	Aldrei	Halda áfram á sömu braut.	Með niðurstöðum úr prófum.
Skapa vettvang til þess að foreldrar taki virkari þátt í menntun barna sinna.	Allir	Sem fyrst, um þetta þarf að skapa hefðir	Vilji er allt sem þarf	Í könnunum til foreldra
Skapa vettvang þar sem fara fram umræður í foreldrahópnum um starf bekkjar og/eða starf skólans.	Allir	Sem fyrst, um þetta þarf að skapa hefðir	Vilji er allt sem þarf	Í könnunum til foreldra
Kaffihús að morgni – súpufundur í hádeginu! Umræðufundur um	Allir	Sem fyrst, um þetta þarf að skapa hefðir	Vilji er allt sem þarf	Í könnunum til foreldra

menntun.				
Í framhaldinu af kynningu nemenda, að halda stuttan fund um menntun eða afmörkuð málefni.	Allir	Sem fyrst, um þetta þarf að skapa hefðir	Vilji er allt sem þarf	Í könnunum til foreldra
Einföld og litrík dagskrá á fundum	Skipuleggjendur hverju sinni	Aldrei	Vilja og jákvætt hugarfar. Tillögur frá foreldrum.	Meta mætingu og ánægju með fundi í könnunum
Standa við auglýsta tímasetningu og lengd erinda.	Þátttakendur hverju sinni	Aldrei	Öflugri fundarstjórn Skipun fundarstjóra/tíma varðar á öllum fundum	Var staðið við tímasetningu og lengd erinda.
Skoða foreldrakönnun, hvað er verið að spyrja um, viljum við bæta við	Skólastjórnendur	Endurmetið reglulega		Erum við sátt við könnunina?

Mat á gæðagreiðni 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af þremur matshópum, með ca. 11 starfsmönnum á vinnufundi 15. janúar 2016

Yfirlit gæðagreisins, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf:

Matssamantekt: 5,5,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Við vinnum náið með nærsamfélaginu á ýmsan hátt, t.d. íþróttafélög, þrykkjan, atvinnulífið o.s.frv.
- Tökum mið af skoðunum og sjónarmiðum þeirra sem láta sig starfið varða.
- Vel er mætt á viðburði hjá skólanum.
- Foreldrasýningar, fréttabréf, viðburðir (árshátíð vikuhátíð), vikubréf

Það sem þarf að bæta:

- Oft illa mætt fundi – fylgjum ekki verklagi um fundarboð nægilega vel (Heppuskóli).
- Við náum ekki til allra foreldra með samstarf (er það hægt?)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gott og náið samstarf við nærsamfélagið.
- Formfestan er mikilvægust, hættum ekki með foreldrafundi þó svo þáttakan sé dræm í einhverjum tilfellum.

Tillögur um aðgerðir:

- Það er eilíðar verkefni að fá foreldra til að taka virkan þátt í skólasamstarfi og ákvarðanatöku.

Þróunaráætlun gg 4.1 – Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

Hvernig vitum við að því er náð?

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Fara fram á að FAS taki tillit til þess hvað við höfum verið að gera hér, sbr. ensku.	Stjórnendur/kennarar	Við upphaf hvernar haustannar		Á samráðsfundi með kennurum FAS.
Fylgja eftir verklagi um fundarboð til foreldra.	Þeir sem boða fundi.	Aldrei	Skipulag og vilja	Mæting á fundi
Tala þarf upp gildi menntunar	Starfsfólk skólans	Aldrei	Dagskrárliður á bekkjarfundum	Jákvæðara viðhorf til menntunar og aukinn metnaður nemenda
Tala þarf upp skólann og starf hans	Starfsfólk skólans	Aldrei	Markvissari greinaskrif um faglega starfið	Vinnustaðurinn og samfélagið endurspeglar það

Mat á gæðagreiðni 4.2 - Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af þremur matshópum, með ca. 11 starfsmönnum á vinnufundi 15. janúar 2016

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5

Matssamantekt: 5,5,4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við erum jákvæð og beinum sjónum okkur útávið. Erum opin fyrir nýjum hugmyndum og tilbúin til að skoða hugmyndir annarra.
- Við reynum að fylgjast með og taka þátt í nýjungum hvort sem er á landsvísu eða í samfélaginu og reynum að meta það starf sem við erum með, í þágu nemenda.
- Við erum að standa okkur vel á þessum sviðum, leitumst við að vera víðsýn og þróa kennslu og námsefni með hag nemenda okkar að leiðarljósi.

Það sem þarf að bæta:

- Við erum svolítið heimóttaleg, erum kannski lítið að beina sjónum okkar að því sem er utan okkar ranns.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Fylgjast með annarsstaðar, leita sér upplýsinga, vera opin fyrir þátttöku í verkefnum eins og t.d. stöðlun á lesfimiprófum.
- Að vinna að velferð nemenda hvort sem er í námi eða líðan. Okkur finnst skipta máli að nemendum okkar gangi vel, þeir nái árangri í skóla og þeir geti flust hvort sem er innanlands eða erlendis og náð tökum á þeim verkefnum sem bíða þeirra eða þeir vilja taka þátt í.

Tillögur um aðgerðir:

- Við upplifum að við séum á réttri leið og viljum því halda því áfram og teljum að við þurfum ekki að skrá inn í þróunaráætlun.
- Við þurfum að tengja okkur betur við umheiminn –við erum að vinna vel að því að rækta okkar rann en gætum gert mikið betur í að efla skilning á lífi annara. Við stingum upp á þemaverkefni þvert á skólann sem gengur út á að vinna gegn fordómum, styðja við fjölmenningu og fleira.

Þróunaráætlun gg 4.2 – Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Ná saman HOV og árshátíðarteymi og skipuleggja vinnuna	Skólastjórar	Á morgun ☺	Vilja okkar	Með virkni á árshátíð
Skipuleggja þemavinnu þvert á skólann í tengslum við árshátíð	Skólastjórar	Á árshátíð	Vilja okkar	Með virkni á árshátíð
Þemavinna í vor, þvert á skólann, - 10.bekkur	Allir	Í vor	Vilja okkar	Lokaafurðin

Mat á árshátíðargæðagreini

Mat á gæðagreini - Árshátíð

Vinnulag: Gæðagreininirinn var metinn af starfsmönnum í sex matshópum þann 30. Mars 2016

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5

Matssamantekt: 5, 4, 5, 5, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Samstaða og samvinna starfsfólks og nemenda.
- Reynslan styrkir okkur.
- Erum öflugur hópur þegar við förum í gang.
- Starfsmenn almennt jákvæðari í garð verkefnsins.
- Ein af okkar sterkustu hliðum er að bjóða upp á þessa árshátíð og bjóða öllum okkar í þeim árgöngum sem koma að, að bjóða þeim að taka þátt í þessu þá erum við að ræða um leiklistina. En allir fá að koma að öðru.
- Mjög góð upplifun – allir mjög jákvæðir
- Góður rúllandi
- Skemmtilegt tungumálaverkefni / hluti af skólanum að hafa annað tungumál
- Allt gekk mjög vel – smiðjurnar gengu vel
- Salurinn flottur,
- Mjög vel auglýst, rúv – sýnt í fréttatíma kl. 22
- Hörku fin vinna í vöruhúsinu. Hugmyndarík, búningar og propps flottir.
- Skipulag að smiðjum sé breytt í árshátíðarsmiðjur

Það sem þarf að bæta:

- Koma aðeins fyrr með upplýsingar og ákvarðanir svo hægt sé að dreifa álagi betur.
- Athuga með sæti fyrir alla í skólasamfélaginu.
- Athuga með framkvæmd á kaffihlaðborði – truflandi á sýningu.
- Stýra og handvelja þarf í hóp þeirra sem kynna og auglýsa árshátíðina.
- Þarf ákveða fyrr þema árshátíðarinnar.
- Þarf kannski ekki þrjá daga í íþróttahúsinu til æfinga, hægt að nýta Sindrabæ meira til æfinga.
- Skipuleggja frágang eftir árshátíð þannig að allir taki þátt.
- Mætti auglýsa betur í nærsamfélaginu.
- Fyrir nemendur að þeir fái kaffi/veitingar fyrir sýningu. Nemendur eru spenntir og þurfa að fá eitthvað að borða til að róa sig niður.
- Skipulag á tímum t.d. ef þau voru í matreiðslu og þurftu að fara í Sindrabæ og svo aftur í matreiðslu
- Skipulag á stundatöflu þarf að vera komið fyrr svo kennarar geti skipulagt sína eigin kennslu í tæka tíð.
- Ath. Í smiðjum / alltaf að mála
- Gott að leikæfingar fari líka fram í Hafnarskóla hjá yngstu nemendum.
- Allt of mikið bakkelsi
- Nemendur sem áttu að sjá um veitingarnar gerðu ekkert annað en að borða. Fólk var ekki að fara og borða kannski var það vegna þess að þau standa bara og eru ekki að bjóða fólki.
- Planið og leikritið tók mjög langan tíma að framkvæma. Nemendur þurfa að fá nákvæmt plan og ef þau fengu texta til að æfa sig heima og í tímum.
- Vinnan hvílir nær eingöngu á smiðjukennurum.
- Þetta þarf að fara í gang með meiri fyrirvara svo smiðjukennarar geti undirbúið sig og nemendur sína.
- Sætavísi í sæti á árshátíðinni, þar sem full af sætum eru laus inn á milli og fólk veigrar sér við að gera athugasemdir.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Brjóta upp hefðbundið skólastarf og fá samfélagið inn í skólann.
- Samvinna, samstaða og skipulag.
- Góður undirbúningur.
- Skipulag og upplifun nemenda og gesta og starfsmanna
- Lærdómur með árshátíðinni

Tillögur um aðgerðir:

- Halda áfram á sömu braut en gott væri að efnið væri komið á hreint fyrri hluta vetrar.
- Að ákveða þema strax að hausti og mynda teymi.
- Tekið upp og hægt að sýna / eða fara með atriði á elliheimili.
- Fylgir auglýsingabækling / að setja grein í Eystrahorn

Árlegar kannanir

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru því lagðar fyrir þrjár árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla sem byggja á **Gæðagreinum 2**. Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir. Þetta er annað árið sem unnið er eftir sjálfsmatsskönnunum **Gæðagreina 2** þá er þegar hægt að bera saman niðurstöður á milli ára.

Kannanir á vegum skólans fara allar fram á rafrænu formi í gegnum könnunarforritið

<http://secure.outcomesurveys.com/login.aspx>. Þetta er hugbúnaður sem skólinn hefur áskrift að.

Sjálfsmatsteymið hefur umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu á könnunum á vegum skólans.

Árleg foreldrakönnun

Í tengslum við foreldraviðtöl í nóvember 2015 var foreldrakönnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk. Könnunin byggir á gæðagreinunum og eru kölluð „sönnunargögn“ sem hægt er að skoða frekar þegar unnið er með gæðagreinana. 82 foreldrar svöruðu spurningunum í tengslum við foreldraviðtöl í nóvember.

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar segja 90% foreldra Grunnskóla Hornafjarðar vera **góðan** eða **frekar góðan** skóla. Um 83% segja **miklar framfarir** eða **talsverðar framfarir** hafi verið á skólastarfinu í heild undanfarin ár. Um 82% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum **vel** eða **frekar vel**, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Einnig segja um 85% foreldra að barninu þeirra líði **vel** eða **frekar vel** í skólanum. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir gætu mælt með Grunnskóla Hornafjarðar við aðra svöruðu 91% **já**, en 9% **nei**. Um 80% foreldra telja náms- og kennsluaðferðir í Grunnskóla Hornafjarðar vera **fjölbreyttar** eða **frekar fjölbreyttar**. Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar má skoða hér á eftir.

Foreldrakönnun

Samantekt

Hér á eftir eru svör við spurningum kannanarinnar flokkaðar saman eftir því í hvaða gæðaflokki þær lenda út frá útreikningum og viðmiðum um gæði.

Mjög gott

1. Hvernig skóli finnst þér Grunnskóli Hornafjarðar vera?

Meðaltal 4,44. Niðurstaða mjög góð

4. Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þíns vera sinnt?

Meðaltal 4,30. Niðurstaða mjög góð

5. Hvernig finnst þér barninu þínu líða í skólanum?

Meðaltal 4,38. Niðurstaða mjög góð

6. Finnst þér komið fram af sanngirni og virðingu við barnið þitt í Grunnskóla Hornafjarðar?

Meðaltal 4,54. Niðurstaða mjög góð

8. Hversu mikið ræðir þú við barnið þitt um námið?

Meðaltal 4,26. Niðurstaða mjög góð

10. Telur þú að barnið þitt fái að njóta sín í skólanum?

Meðaltal 4,33. Niðurstaða mjög góð

16. Finnst þér barnið fá einkunnir og umsagnir í samræmi við það sem þér finnst að vænta megi?

Meðaltal 4,47. Niðurstaða mjög góð

19. Hvernig hefur samstarfið við umsjónarkennarann verið?

Meðaltal 4,83. Niðurstaða mjög góð

22. Hversu gagnleg finnst þér foreldraviðtölin (skólasetningarviðtöl og við annarskil) sem skólinn boðar til?

Meðaltal 4,67. Niðurstaða mjög góð

31. Hvaða mat leggur þú á fagmennsku og hæfni starfsfólks Grunnskóla Hornafjarðar?

Meðaltal 4,21. Niðurstaða mjög góð

32. Hvernig finnst þér húsnaði skólans?

Meðaltal 4,41. Niðurstaða mjög góð

34. Finnst þér barnið þitt vera öruggt í skólanum?

Meðaltal 4,57. Niðurstaða mjög góð

36. Hversu ánægð/ánægður ertu með stjórnun skólastarfs í Grunnskóla Hornafjarðar?

Meðaltal 4,21. Niðurstaða mjög góð

37. Lestu fréttabréfin sem skólinn gefur út og sendir heim?

Meðaltal 4,46. Niðurstaða mjög góð

38. Hvað finnst þér um fréttabréfin sem skólinn gefur út og sendir heim?

Meðaltal 4,41. Niðurstaða mjög góð

39. Hversu gagnleg finnst þér vikubréf frá umsjónarkennara vera?

Meðaltal 4,84. Niðurstaða mjög góð

Ásættanlegt

2. Hvernig finnst þér skólastarfinu hafa miðað í heild undanfarin ár? (miðað við t.d. sl. 4 ár)

Meðaltal 4,03. Niðurstaða ásættanleg

3. Hvernig finnst þér skólastarf í Grunnskóla Hornafjarðar svara þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til skóla í nútímasamfélagi?

Meðaltal 4,10. Niðurstaða ásættanleg

7. Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?

Meðaltal 3,88. Niðurstaða ásættanleg

9. Hvað finnst þér um agann í bekknum hjá barninu þínu?

Meðaltal 3,80. Niðurstaða ásættanleg

12. Finnst þér að íbúar samfélagsins okkar taki nægan þátt í skólastarfinu s.s. á viðburðadögum (vikuhátíðum, sýningum nemenda á verkefnum, árshátíð, ofl.)?

Meðaltal 3,91. Niðurstaða ásættanleg

14. Hversu fjölbreyttar finnst þér náms- og kennsluaðferðir vera í Grunnskóla Hornafjarðar?

Meðaltal 3,99. Niðurstaða ásættanleg

15. Hversu gagnlegt finnst þér frammistöðumatið?

Meðaltal 4,04. Niðurstaða ásættanleg

17. Hvað finnst þér um tilhögun prófa og kannana í skólanum?

Meðaltal 4,18. Niðurstaða ásættanleg

23. Hversu ánægð/ánægður ertu með skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar?

Meðaltal 4,14. Niðurstaða ásættanleg

24. Hvernig finnst þér skólabragur í Grunnskóla Hornafjarðar stuðla að árangri í skólastarfi?

Meðaltal 4,11. Niðurstaða ásættanleg

26. Hefur þú rætt um einelti við barnið þitt síðustu 3 mánuðina?

Meðaltal 3,74. Niðurstaða ásættanleg

35. Hversu ánægð/ánægður ertu með hádegisverðinn í mötuneytinu?

Meðaltal 3,95. Niðurstaða ásættanleg

Óásættanleg

11. Hversu ánægð/ánægður ertu með störf foreldrafélagsins?

Meðaltal 3,64. Niðurstaða óásættanleg


33. Hvernig finnst þér skólalóðin?

Meðaltal 3,57. Niðurstaða óásættanleg

1. Hvernig skóli finnst þér Grunnskóli Hornafjarðar vera?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Góður	43	53,75%	+/-10,93%
Frekar góður	29	36,25%	+/-10,53%
Sæmilegur	8	10,00%	+/-6,57%
Frekar slæmur	0	0,00%	+/-0,00%
Slæmur	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	


Meðaltal 4,44. Niðurstaða mjög góð



2. Hvernig finnst þér skólastarfinu hafa miðað í heild undanfarin ár? (miðað við t.d. sl. 4 ár)

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Miklar framfarir	16	20,00%	+/-8,77%
Talsverðar framfarir	50	62,50%	+/-10,61%
Kyrrstaða	14	17,50%	+/-8,33%
Talsverð afturför	0	0,00%	+/-0,00%
Mikil afturför	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	


Meðaltal 4,03. Niðurstaða ásættanleg



3. Hvernig finnst þér skólastarf í Grunnskóla Hornafjarðar svara þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til skóla í nútímasamfélagi?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Vel	23	28,75%	+/-9,92%
Frekar vel	43	53,75%	+/-10,93%
Sæmilega	13	16,25%	+/-8,08%
Frekar illa	1	1,25%	+/-2,43%
Illla	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	


Meðaltal 4,10. Niðurstaða ásættanleg



4. Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þíns vera sinnt?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Vel	38	46,91%	+/-10,87%
Frekar vel	29	35,80%	+/-10,44%
Sæmilega	14	17,28%	+/-8,23%
Frekar illa	0	0,00%	+/-0,00%
Illla	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	81	100%	

Meðaltal 4,30. Niðurstaða mjög góð



5. Hvernig finnst þér barninu þínu líða í skólanum?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Vel	43	53,09%	+/-10,87%
Frekar vel	26	32,10%	+/-10,17%
Sæmilega	12	14,81%	+/-7,74%
Frekar illa	0	0,00%	+/-0,00%
Ill	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	81	100%	



Meðaltal 4,38. Niðurstaða mjög góð

6. Finnst þér komið fram af sanngirni og virðingu við barnið þitt í Grunnskóla Hornafjarðar?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Oft	44	54,32%	+/-10,85%
Frekar oft	37	45,68%	+/-10,85%
Frekar sjaldan	0	0,00%	+/-0,00%
Sjaldan	0	0,00%	+/-0,00%
Aldrei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	81	100%	



Meðaltal 4,54. Niðurstaða mjög góð

7. Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mikla	18	22,22%	+/-9,05%
Frekar mikla	42	51,85%	+/-10,88%
Hvorki mikla né litla	15	18,52%	+/-8,46%
Litla	5	6,17%	+/-5,24%
Mjög litla	1	1,23%	+/-2,40%
Alls	81	100%	



Meðaltal 3,88. Niðurstaða ásættanleg

8. Hversu mikið ræðir þú við barnið þitt um námið?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mikið	30	37,04%	+/-10,52%
Frekar mikið	43	53,09%	+/-10,87%
Hvorki mikið né lítið	7	8,64%	+/-6,12%
Frekar lítið	1	1,23%	+/-2,40%
Lítið	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	81	100%	



Meðaltal 4,26. Niðurstaða mjög góð

9. Hvað finnst þér um agann í bekknum hjá barninu þínu?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Góður	19	23,75%	+/-9,33%
Frekar góður	34	42,50%	+/-10,83%
Sæmilegur	19	23,75%	+/-9,33%
Frekar slæmur	8	10,00%	+/-6,57%
Slæmur	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	



Meðaltal 3,80. Niðurstaða ásættanleg

10. Telur þú að barnið þitt fái að njóta sín í skólanum?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Oft	31	38,75%	+/-10,68%
Frekar oft	44	55,00%	+/-10,90%
Frekar sjaldan	5	6,25%	+/-5,30%
Sjaldan	0	0,00%	+/-0,00%
Aldrei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	



Meðaltal 4,33. Niðurstaða mjög góð

11. Hversu ánægð/ánægður ertu með störf foreldrafélagsins?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Ánægð(ur)	12	15,00%	+/-7,82%
Frekar ánægð(ur)	32	40,00%	+/-10,74%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	32	40,00%	+/-10,74%
Frekar óánægð(ur)	3	3,75%	+/-4,16%
Óánægð(ur)	1	1,25%	+/-2,43%
Alls	80	100%	



Meðaltal 3,64. Niðurstaða óásættanleg

12. Finnst þér að íbúar samfélagsins okkar taki nægan þátt í skólastarfinu s.s. á viðburðadögum (vikuhátíðum, sýningum nemenda á verkefnum, árshátíð, ofl.)?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Oft	17	21,52%	+/-9,06%
Frekar oft	43	54,43%	+/-10,98%
Frekar sjaldan	14	17,72%	+/-8,42%
Sjaldan	5	6,33%	+/-5,37%
Aldrei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	79	100%	



Meðaltal 3,91. Niðurstaða ásættanleg


13. Getur þú mælt með Grunnskóla Hornafjarðar við aðra foreldra?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	73	91,25%	+/-6,19%
Nei	7	8,75%	+/-6,19%
Alls	80	100%	



14. Hversu fjölbreyttar finnst þér náms- og kennsluaðferðir vera í Grunnskóla Hornafjarðar?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Fjölbreyttar	16	20,00%	+/-8,77%
Frekar fjölbreyttar	48	60,00%	+/-10,74%
Hvorki fjölbreyttar né fábreyttar	15	18,75%	+/-8,55%
Frekar fábreyttar	1	1,25%	+/-2,43%
Fábreyttar	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	



Meðaltal 3,99. Niðurstaða ásættanleg

15. Hversu gagnlegt finnst þér frammistöðumatíð?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Gagnlegt	31	38,75%	+/-10,68%
Frekar gagnlegt	29	36,25%	+/-10,53%
Hvorki gagnlegt né gagnslítið	13	16,25%	+/-8,08%
Gagnslítið	6	7,50%	+/-5,77%
Gagnslaus	1	1,25%	+/-2,43%
Alls	80	100%	




Meðaltal 4,04. Niðurstaða ásættanleg

16. Finnst þér barnið fá einkunnir og umsagnir í samræmi við það sem þér finnst að vænta megi?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Oft	40	49,38%	+/-10,89%
Frekar oft	39	48,15%	+/-10,88%
Frekar sjaldan	2	2,47%	+/-3,38%
Sjaldan	0	0,00%	+/-0,00%
Aldrei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	81	100%	


Meðaltal 4,47. Niðurstaða mjög góð



17. Hvað finnst þér um tilhögun prófa og kannana í skólanum?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Ánægð(ur)	28	35,00%	+/-10,45%
Frekar ánægð(ur)	39	48,75%	+/-10,95%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	12	15,00%	+/-7,82%
Frekar óánægð(ur)	1	1,25%	+/-2,43%
Óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	80	100%	

Meðaltal 4,18. Niðurstaða ásættanleg



18. Hvernig finnst þér heimanámið vera?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Of mikið	13	16,46%	+/-8,18%
Hæfilegt	63	79,75%	+/-8,86%
Of lítið	3	3,80%	+/-4,21%
Alls	79	100%	



19. Hvernig hefur samstarfið við umsjónarkennarann verið?


Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Gott	68	83,95%	+/-7,99%
Frekar gott	12	14,81%	+/-7,74%
Sæmilegt	1	1,23%	+/-2,40%
Frekar slæmt	0	0,00%	+/-0,00%
